

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 131/2023**

2023/EES/81/56

frá 28. apríl 2023

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1253 frá 19. júlí 2022 um leiðréttingu á reglugerð (ESB) nr. 748/2012 að því er varðar undanþágur frá tilteknum kröfum sem innleiddar voru með framseldri reglugerð (ESB) 2022/201 ⁽¹⁾.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 66p (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„— **32022 R 1253:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1253 frá 19. júlí 2022 (Stjtið. ESB L 191, 20.7.2022, bls. 45).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2022/1253, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 29. apríl 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 129/2023 frá 28. apríl 2023 ⁽²⁾, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. apríl 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 191, 20.7.2022, bls. 45.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L, 2023/2294, 9.11.2023, og EES-viðbætur nr. 81, 9.11.2023, bls. 96.